

Veiðimálastofnunin
Jón Kristjánsson Febr.1976.

Ályktanir um fiskstofna og veiði í Mývatni.

Það er margt sem bendir til þess að ofveiði sé á silungi í Mývatni. Með ofveiði er átt við að fiskurinn sé veiddur áður en hann hefur náð fullum þroska, og að hrygningarstofninn sé orðinn það lítil að nýliðum (tilurð nýrra einstaklinga) sé hættu búin. Einkenni á slíkum fiskstofni eru: smár ungur fiskur, lítið um gotufisk. Skulu nú rekin í stuttu máli þau rök, sem benda til þessa.

Afli.

Mynd 1. sýnir veiði í vatninu frá aldamótum. Miklar sveiflur eru í veiðinni, mest er hún á árunum 1920-30, og kemst þá upp í 95 þúsund fiska, minnst 1975, 10000 fiskar. Meðalveiði er 25-30 þúsund fiskar á ári. Frá 1971 hefur veiðin verið stöðugt minnkandi, þrátt fyrir svipaða sókn enda er það mál manna að veiði sé orðin mjög léleg í vatninu.

Aldur og vöxtur.

Mynd 2 sýnir vaxtalínurit fyrir bleikju. Það er byggt á rannsóknum sem Lamby gerði 1933, og niðurstöðum Hákons Aðalsteinsonar 1973. Gögn Hákons ná þó aðeins til ungs fisks, vegna þess að eldri fisk vantaði í rannsóknargögnin. Bleikjan vex mjög hratt, nær að meðaltali 28 sm. lengd á 3 árum.

Stærð og aldursdreifing aflans fyrr og nú.

Á mynd 3 sést lengdardreyfing sýna, sem tekin voru úr afla bændu 72-73. Til samanburðar eru tölur frá 1933, en sá fiskur mun hafa verið veiddur á dráttum og því óvenju stór. En það sýnir að þá var til stór fiskur. Nú er mestur hluti aflans 36-38 cm fiskur. Á línuritið hefur verið teiknuð inn lengd fisksins við 2, 3 og 4 vetur o.s.fr. Sá fiskur sem ber nú uppi aflann er skv. því 3 og 4 vetra gamall. Í töflu 1, sem er niðurstaða úr tilrauna-veiði H.A. 72 og 73, má sjá að ekki hefur fundist eldri fiskur en 4 vetra.

Tafla 1.

Aldursdreifing á bleikju veiddri í tilraunanet í Mývatni 1972 og 1973. Gerð skv. aldursákvörðunum og lengdardreifingu. (Hákon Aðalsteinsson)

Aldur í vetrum	Fjöldi fiska 1972	Fjöldi fiska 1973	Samtals.	S.	A=(1-s)	Z ⁻ -lms.
1 +	9	163	172			
2 +	11	59	70	0,41	0,59	0,89
3 +	8	23	31	0,44	0,56	0,82
4 +	5	5	10	0,32	0,68	1,14
			249			

A: heildardánatala milli ára: $\frac{\text{Fjöldi } n + 1 \text{ ára fiska}}{\text{Fjöldi } n. \text{ ára fiska}}$

Tafla 2.

Sýnir hvernig aflí Bjarna Sæmundssonar var samansettur. Þar eru 5 og 6 vetra fiskur algengastir.

Tafla 2, aldursdreifing afla frá 1913 (B.Sæm).

Aldur í vetrum.	Fjöldi fiska.	Meðallengd cm. (okt.1913).
3 +	2	
4 +	11	37
5 +	22	42
6 +	21	45
7 +	3	
9 +	1	
10 +	1	

Virðist sem bleikjan sé nú að jafnaði veidd 1-2 árum yngri en þá var gert. Þetta er mjög alvarlegt, þegar þess er gætt að hún tvöfaldar þyngd sína á ári.

Fiskmerkingar.

Í janúar 1973 var sleppt 90 merktum riðableikjum á hrygningarstöðvum við austurströndina. Ári síðar höfðu 37 endurheimtst, af þeim var 15 sleppt aftur, einni þeirra tvisvar. Þetta eru mjög háar endurheimtur, sérstaklega ef tekið er tillit til taps á

merkjum, en það stafar af: dauða fisksins eftir merkingu, merkið dettur af, t.d. ef hann festist í neti, óskilvísí o.fl. M.a. skal bent á að tilraunir hafa sýnt að merki eins og notuð voru, hanga varla á fiskinum meira en ár. Þau "vaxa" hreinlega út úr honum.

Afrakstur, Fiskræktaraðgerðir.

1975 veiddust um 10000 fiskur í vatninu, með áætlaðri meðalþyngd 460 g. Samtals eru þetta 4,6 tonn, eða 1,2 kg./hektara. Þetta er mjög lítill afrakstur og stafar örugglega ekki af fæðuskorti, því jafnvel hrjóstugustu fjallavötn landsins gefa meira af sér og Mývatn er eitt næringarríkasta vatn á Íslandi. Að öllu jöfnu mætti búast við 10-20 kg afla á hektara árlega. Í Djúpvatni á Reykjanesi hafa undanfarin þrjú ár verið veidd 20-30 kg/ha á ári, en það er mjög lítið vatn (14 ha) og viðkoma fisksins mikil.

Það sem bent hefur verið á hér að framan má draga saman í þetta: . Í Mývatn vantar ungviði til þess að ná fiskstofninum í kjörstærð, fiskurinn er veiddur of snemma, áður en hann er búinn að taka út vöxtinn, e.t.v. er hrygningarstofninn kominn niður fyrir lágmark. Ef þetta er rétt, verður að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

1. Sleppa seiðum.

Og hjálpa þar með náttúrulegri viðkomu. Seiðin þurfa að vera laus við kviðpokann og farin að éta, fjöldi 100-300 þúsund.

2. Minnka sókn.

Það má gera á ýmsan hátt og skulu nefnd nokkur atriði:


- a) Friða ýmis svæði að meira eða minna leiti.
- b) Fækka netum eða veiðidögum.
- c) Stækka möskvann. Sennilega er þetta besta aðferðin frá fiskifræðilegu sjónarmiði og auðveldar hún einnig eftirlit, en hún hefur kostnað í för með sér. Kostnaðinn má minnka með því að sameina b og c: Fækka netum verulega strax, leyfa síðan smán saman fjölgun neta með stærri riðli.

Í samræmi við þessar ályktanir þótti ekki rétt að veita undanþágu til vetrarveiða s.l. vetur, enda óverjandi að leyfa veiði á friðunartíma, þegar um er að ræða fiskstofn sem álitnið er að sé ofveiddur.


Að lokum skal á það bent að breyting á veiðiaðferðum við vatnið mun fyrst og fremst koma veiðibændum til góða og mun Veiðimála- stofnunin veita nánari upplýsingar og leiðbeiningar óski Veiðifélagið þess. Varðandi fiskirannsóknir í framtíðinni er stofnunin fús til samstarfs, eftir því sem fjárhagsleg geta hennar leyfir.

Mynd 1

SILUNGSVEIÐI í MÝVATNI FRÁ 1900



MYND 2.



x — x 1973 (Hauk A.)
 o — o 1933
 (Lamb 1941)

VAXTAR LÍNURIT
 FYRIR BLEIKJU
 ÍR MÝVATNI

(SKV. LÍNURIT og upplýsingum
 HÁKONS AÐALSTEINSSONAR)

ÁRDUR Í VETRUM.


MYND 3.

MYVATN . BLEIKJA

LENGDARDREIFING SÝNA ÚR APLA
BANDA 1972 og 73 (EFTIR HÁK. ADSYS.)

Fjöldi Ríska.

:(LAMBÝ 1941) L. dreifing á veiði 1933



↑ 2 veður
↑ 3 veður
↑ 4v.
↑ 5v.
↑ 6v.
↑ 7v.
↑ LENGD CM.